

Íspinnaspýtur og stærðfræði

sjá myndir á næstu síðu

Við höfum notað íspinnaspýtur í mjög mörg ár til að gera alls konar viðfangsefni. Ég endurgerði hér viðfangsefni fyrir tvær yngri deildirnar. (börn á aldrinum 2-4 ára)

Efni:

- Íspinnaspýtur (hægt er að safna venjulegur íspinnaspýtum en ég keypti í Tiger tvo pakka með 50 spýtum í og eru spýturnar bæði breiðari og stærri, annar pakkinn var einlitur en hinn mislitur)
- Permanent marker tússpenni

Aðferð:

- Fyrir þriggja og fjögurra ára gerði ég tölustafina frá 1-15 með tússpennanum á spýturnar og svo gerði ég punkta með sama fjölda þ.e. frá 1-15
- Fyrir þau yngstu gerði ég frá 1-6 og svo hring, ferning, þríhyrning og rétthyrning
- Fyrir elstu deildina útbjó ég samlagningardæmi þar sem á að leggja saman tvær tölur (punktar líka til að telja) og setja rétta tölustafinn við hliðina

Leikurinn:

- Para saman tvær íspinnaspýtur eftir viðfangsefnum fyrir hverja deild

Ath:

- Ég notaði einn pakka af brúnum íspinnaspýtum til að gera fyrir tvær yngstu deildirnar en heilan pakka af mislitu spýtunum fyrir þau elstu þannig að samlagningardæmin þar eru samtals 25

